Laufblaðið

FRÉTTABLAÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS 24. árg. 2015 3. tbl.

Tré ársins 2015

Tré ársins 2015 var útnefnt við hátíðlega athöfn laugardaginn 26. september síðast liðinn og er það reynitré (*Sorbus aucuparia*) sem stendur í Sandfelli í Öræfum. Er þetta í annað sinn sem reynitré hlýtur þessa nafnbót, en Tré ársins 1995 er reynir er stendur við Ferstiklu í Hvalfirði.

Reynirinn í Sandfelli sést vel frá þjóðveginum, þar sem hann stendur einn og sér, með gráar skriður í bakgrunni til að ramma hann inn. Tréð var gróðursett árið 1923 af Þorbjörgu Oddbergsdóttur, mágkonu séra Eiríks Helgasonar, sem var prestur í Sandfelli frá 1918 til 1931. Tréð fékk Þorbjörg sent frá vinkonu sinni á Egilsstöðum sem hafði fengið það í gróðrarstöðinni hjá Guttormi Pálssyni, skógarverði á Hallormsstað.

Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, afhenti Eiríki Helgasyni (t.v.) og Erni Bergssyni (t.h.) viðurkenningarskjöl í tilefni útnefningarinnar (Mynd: RF).

Athöfnin hófst á ávarpi Magnúsar Gunnarssonar, formanns Skógræktarfélags Íslands. Að því loknu færði Magnús afkomendum séra Eiríks viðurkenningarskjal og tók Eiríkur Helgason við því fyrir þeirra hönd. Fyrir hönd Öræfinga tók Örn Bergsson við viðurkenningarskjali. Eiríkur Helgason færði því næst Skógræktarfélagi Íslands fallega ljósmynd af trénu að gjöf og tók Magnús við henni fyrir hönd félagsins. Anna Sigríður Helgadóttir tók svo lagið fyrir gesti. Bjarni Diðrik Sigurðsson, prófessor í skógfræði, sá svo um að hæðarmæla tréð. Reyndist hæsti stofn trésins vera 11,98 m á hæð, en tréð

Tré ársins 2015 – reyniviður í Sandfelli í Öræfum (Mynd: RF).

greinist í alls sjö stofna. Að lsokum var gestum boðið upp á hressingu á Hótel Skaftafelli í boði Arion banka.

Skógræktarfélag Íslands útnefnir árlega Tré ársins, nú í samstarfi við Arion banka. Er útnefningunni ætlað að beina sjónum almennings að því gróskumikla starfi sem unnið er um land allt í trjá- og skógrækt og benda á menningarlegt gildi einstakra trjáa um allt land.

Hæðarmæling á trénu í gangi (Mynd: RF).

Einstök tré

Tré ársins 2015 var útnefnt við formlega athöfn nú í september, eins og lesa má á forsíðu þessa blaðs. Miðað við þær athugasemdir sem ég hef séð hér og þar á vefnum og heyrt útundan mér er almenn ánægja með valið á trénu. Greinilegt er að ýmsum fannst alveg kominn tími til að þetta tiltekna tré hlyti þessa upphefð, enda um krónufallegt og svipmikið tré að ræða, sem stendur eitt og sér á áberandi stað, þar sem vindaðstæður eru þannig að reynt hefur á þrautseigju þess.

Er þetta í 25. sinn sem Skógræktarfélag Íslands útnefnir Tré ársins. Er útnefningunni ætlað að beina sjónum að því starfi sem unnið er um land allt í trjá- og skógrækt og benda á menningarlegt gildi einstakra trjáa um land allt. Og það er einmitt þetta menningarlega gildi sem vill stundum gleymast. Mikilvægi skóga fyrir loftslag, líffjölbreytni og náttúrufar almennt hefur verið mikið í umræðunni undanfarin ár. Sama gildir um vistfræðilegt hlutverk trjágróðurs í þéttbýli – sífellt fleiri rannsóknir renna stoðum undir margvísleg jákvæð áhrif þeirra á nánasta umhverfi sitt og fólkið sem í borgunum býr. Minna hefur hins vegar farið fyrir menningarlegu vægi þeirra, að minnsta kosti hér á landi. Tré eru nefnilega ekki bara „náttúra“, þau eru líka partur af sögunni og menningunni, sérstaklega hér á landi þar sem stór hluti trjánna sem hér vaxa hefur verið gróðursettur og er því að vissu leyti mannanna verk. Það felast oft áhugaverðar sögur í trjám, sem við fyrstu sýn virka kannski ekki merkileg.

En hvað er það sem gerir tré verðug nafnbótarinnar Tré ársins og hvernig er það valið? Í grein í Skógræktarritinu 1989 fjallar Sigurður Blöndal, fv. skógræktarstjóri, um útnefningu á fyrsta Tré ársins, sem var birkitré í Vaglaskógi og forsendur valsins á trénu, en þessi fyrsta útnefning var hans val. Þar segir Sigurður „Mælikvarði minn er einfaldur: Tréð á að vera stórt, ekki lægra en 8 m, bolur gildur, króna mikil og vel limuð, „á besta aldri“ og heilbrigt í hvívetna“. Eru þessi viðmið enn höfð í huga, þótt ekki sé strangt farið eftir 8 m skilyrðinu! Til viðbótar þessum fagurfræðilegu viðmiðum hefur bæst við menningarhlutinn – tré með merkilega sögu eða fágætar tegundir á landsvísu eða í héraði. Tré ársins 2010, álmur í Vestmannaeyjum, vex til dæmis vel, þótt ýmis trjágróður eigi erfitt uppdráttar í Eyjum, og lifði álmurinn af öskufall í Vestmannaeyjagosinu. Það eru því ýmsir þættir sem spila inn í val á Tré ársins. Á hverju ári fáum við hjá Skógræktarfélaginu margar ábendingar um tré sem til greina koma og þiggjum við þær allar með þökkum. Það eru nefnilega svo mörg tré um land allt sem eiga þessa nafnbót fyllilega skilið og „gullmolar“ sem leynast víða. Það eru mörg tré sem eru einstök á sinn hátt.

Ragnhildur Freysteinsdóttir,
Skógræktarfélagi Íslands

Laufblaðið

Fréttablað, 24. árgangur, 3. tölublað 2015.

Útgefandi:
Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 551-8150, www.skog.is

Ritstjóri:
Ragnhildur Freysteinsdóttir
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:
Ragnhildur Freysteinsdóttir

Ábyrgðarmaður:
Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Stjórn Skógræktarfélags Íslands, kjörin á aðalfundi 2015:
Magnús Gunnarsson formaður
Sigrún Stefánsdóttir varaformaður
Sigríður Júlía Brynleifsdóttir gjaldkeri
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari

Meðstjórnendur:
Guðbrandur Brynjúlfsson
Páll Ingþór Kristinsson
Þuríður Yngvadóttir

Varamenn:
Kristinn H. Þorsteinsson
Sigríður Heiðmundsdóttir
Laufey B. Hannesdóttir

Eftirtalin fyrirtæki eru aðalstyrktaraðilar Skógræktarfélags Íslands

Arion banki

TOYOTA

Ráðstefna um og ferð til Bæjarstaðarskógar

Í tilefni þess að í ár eru 80 ár frá formlegri friðun Bæjarstaðarskógar með uppsetningu girðingar um skóginn stóð Skógræktarfélag Íslands fyrir ráðstefnu um og ferð til Bæjarstaðarskógar í lok september.

Til stóð að hafa ráðstefnuna og gönguferð inn í skóginn laugardaginn 26. september, en vegna afspyrnu vondrar veðurspár var ákveðið að flýta göngunni um einn dag og var því haldið til skógar föstudaginn 25. september. Reyndist það rétt ákvörðun, því hið besta gönguveður var á föstudeginum, en grenjandi rok og rigning seinni part dags á laugardeginum.

Bjarni Diðrik Sigurðsson, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands, var leiðsögumaður göngunnar, en hann er ættaður úr Öræfunum og þekkir skóginn mjög vel. Voru um þrjátíu manns mættir í ferðina. Gengið var að skóginum, skoðaðar torfurnar með „gamla skóginum“ og útbreiðsla birkis út frá skóginum, en mikil sjálfssáning er í gangi á sandinum út frá honum og er hann því að breiða töluvert úr sér.

Á laugardagsmorgninum var svo komið að ráðstefnunni. Þar héldu erindi Bjarni Diðrik Sigurðsson, sem fjallaði um Bæjarstaðarskóg í sögulegu samhengi, Sigurður H. Magnússon, gróðurvistfræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands, fjallaði um gróðurframvindu í skóginum, Þorsteinn Tómasson plöntuerfðafræðingur sagði frá kynbótum á Bæjarstaðarbirki og Aðalsteinn Sigurgeirsson, forstöðumaður Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá, fjallaði um mikilvægi Bæjarstaðarbirkisins.

Göngugarpar við eina „eðalbjörk“ í skóginum (Mynd: RF).

Gamli skógurinn í Bæjarstað stendur í töluverðum bratta og því gott að hafa hjálparhendur og tré að styðja sig við þegar farið var um hann (Mynd: RF).

Bjarni Diðrik Sigurðsson segir frá skóginum í Bæjarstað, en hann hefur fylgst lengi með honum og þekkir þar vel til. Hér er sagt frá hæðarvexti trjánna. Það skal tekið fram að það var enginn að beina byssu að honum! (Mynd: RF).

Global ReLeaf styrkur

Skógræktarfélag Íslands, í samvinnu við Skógræktarfélag Reyðarfjarðar og Alcoa á Íslandi, fékk í ár styrk til gróðursetningar úr Global ReLeaf Partnership for Trees verkefninu, sem er samvinnuverkefni American Forests og Alcoa Foundation. Hefur félagið fengið slíkan styrk einu sinni áður, árið 2011, og var hann þá nýttur til gróðursetningar trjáplantna á Reyðarfirði og í Vinaskógi. Var hugsunin þar á bak við að tengja báðar stöðvar Alcoa hér á landi táknrænt saman, með því að gróðursetja í þeim tveimur landshlutum sem starfsstöðvarnar finnast. Styrkurinn nú var til beins framhalds á þessu verkefni, nema nú var gróðursett á Úlfljótsvatni, í stað Vinaskógar áður. Starfsfólk Skógræktarfélags Íslands, ásamt fimm sjálfboðaliðum sem unnu hjá félaginu í sumar, settu niður plönturnar á Úlfljótsvatni. Gróðursetning á Reyðarfirði, í umsjá Skógræktarfélags Reyðarfjarðar, fer svo fram næsta vor, sem verður vonandi heldur fyrr á ferðinni og hlýrra heldur en vorið í ár!



T.h. Sjálfboðaliðarnir eldhressir í gróðursetningu á Úlfljótsvatni í haust (Myndir: JÁJ).

Frækorn nr. 34 er komið út

34. tölublað Frækornsins er komið út og nefnist það Skógarfuglar. Í því er fjallað í stuttu máli um þær fuglategundir hérlendar sem kunna hvað best við sig í trjám og skógum landsins, auk þess sem stuttlega er velt vöngum yfir hvaða fuglategundir eru líklegar til að nema land í skógum landsins í framtíðinni.

Höfundur mynda og texta er Jón Ásgeir Jónsson skógfræðingur.

Frækornið fylgir með áskrift að Skógræktarritinu, en einnig er það selt í lausasölu. Hægt er að fá öll útkomin Frækorn í sérstakri safnmöppu.

Nánari upplýsingar á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands – www.skog.is – undir Útgáfa.

34

FRÆKORNIÐ

FRÆÐSLURIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

Skógarfuglar

INNGANGUR

Fuglar eru órjúfanlegur hluti skógarvistkerfa heimsins og sinna þar mikilvægri þjónustu. Þeir eru okkur mönnunum ekki síður mikill yndisauki í allri náttúruskoðun og þau dýr sem við eigum í mestum samskiptum við hérlendis.

Tegundafjölbreytni íslensku fuglafánunnar er heldur minni en í nágrannalöndunum, miðað við breiddargráðu, og á það sérstaklega við skógarfugla. Ræður þar skortur á heppilegum búsvæðum miklu. Með dafnandi skógi víða á landinu hafa skilyrði myndast fyrir fleiri tegundir til að nema hér land og flytja landsmönnum sinn söng, ásamt því að stofnar eldri skógarbúa styrkjast.

Margar fuglategundir nýta sér skóga landsins að mismiklu leyti til skjóls, varps og fæðuleitar. Má þar nefna rjúpu, þúfutittling, hrossagauk, smyril, branduglu, hrafn, starra og maríuerlu. Í þessu frækorni verður hinsvegar litið yfir þá fugla sem kunna hvað best við sig í trjám og skógum landsins,

Skógarþröstur
Lengd: 21 cm Þyngd: 70 g Urpt: 4-6 egg
Hvert mannsbarn á Íslandi lærir fljótt að þekkja þennan einkennisfugl íslenskra skóga og garða. Ómþýður óðalssöngur karlfuglanna er mörgum mikill vorboði. Hann verpir í allskyns skóglendi og getur þéttleiki varppara orðið hár í gróskulegum skógi og er hann iðulega fyrsti fuglinn sem tekur á móti manni í skógargöngu. Treystir aðallega á ánamaðka , áttfætlur og skordýr á sumrin en sækir síðan í auknum mæli í aldin trjáa og runna þegar haustar og eru reyniber í miklu uppáhaldi.

1/15

Skógardagur hjá Skógræktarfélaginu Mörk

Skógræktarfélagið Mörk á Kirkjubæjarklaustri stóð fyrir árlegum skógardegi í lok ágúst. Var skógarreitur fjölskyldunnar að Seglbúðum skoðaður, í blíðskaparveðri og boðið til garðveislu að Seglbúðum í lokin. Trjágarðurinn við Seglbúðir á sér nokkuð langa sögu, en fyrstu trén voru sett þar niður árið 1919 og voru það þrjú reynitré. Lifa tvö þeirra ennþá.

Að ofan. Hjónunum á Seglbúðum – Jóni Helgasyni og Guðrúnu Þorkelsdóttur – var færð trjáplanta að gjöf frá Skógræktarfélaginu Mörk. Er þar um að ræða birkiplöntu, að uppruna til frá Rein í Eyjafirði. T.v. Gestir á skógardeginum njóta trjánna að Seglbúðum og góða veðursins (Myndir: Erla Bil Bjarnardóttir).

Skátar gróðursetja á Akranesi

Í byrjun september komu nokkrir hressir skátar á Akranesi til að gróðursetja í „skátalundinn“, nálægt skógræktinni í Klapparholti, í samstarfi við Skógræktarfélag Akraness. Er Skógræktarfélagið mjög ánægt með að fá liðsinni skátanna við gróðursetningu meðfram þjóðveginum, þar sem þar er mikið verk að vinna. Í framtíðinni er fyrirhugaður þar hjólreiða- og göngustígur og munu þau tré sem sett voru niður hjálpa til við að skapa fallegt, skjólgott og notalegt umhverfi fyrir útivistarfólk framtíðarinnar.

Fylgdu foreldrar yngstu skátunum og hjálpuðu til, en börnin reyndust áhugasöm og dugleg og var fyrr en varði búið að setja niður á þriðja hundrað trjáa undir stjórn Bergnýjar Sophusdóttur skátaforingja og Katrínar Leifsdóttur hjá Skógræktarfélaginu. Sannaðist þar hið fornkveðna að margar hendur vinna létt verk.

Að ofan t.h. Hressir ungskátar komnir með plöntur í hönd og tilbúnir til verka.
Að neðan t.h. Hjálpast að við gróðursetninguna. Það er vissara að fá aðstoð frá fullorðnum þegar gróðursetningaáhaldið er næstum jafn hátt og maður sjálfur! (Myndir: Jens B. Baldursson).

Fræðsluferð til Póllands

Skógræktarfélag Íslands hefur í áraraðir staðið fyrir fræðsluferðum til hinna ýmsu landa og í ár var röðin komin að Póllandi, en þangað var farið dagana 10. – 18. september. Var ferðin skipulögð í samráði við skógfræðing hjá pólska skógræktarfélaginu, Rafał Cieślak, en hann fylgdi ferðalöngum einnig allan tímann í Póllandi.

Flogið var til Berlín í Þýskalandi og ekið þaðan með rútu til Póllands, en svo flogið heim frá Varsjá. Heimsótt var gróðrarstöð í Legnica, sem rekin er af pólsku ríkisskógræktinni og fengu ferðalangar þar kynningu á skógrækt í Póllandi. Einnig voru tveir merkir þjóðgarðar heimsóttir, annars vegar Tatra þjóðgarðurinn í suðurhluta Póllands, sem liggur að landamærum Slóvakíu og hins vegar Białowieża þjóðgarðurinn, sem liggur að landamærum Hvíta-Rússlands. Skógurinn í Białowieża er einn merkilegasti skógur Evrópu, stærstu samfelldu leifar „frumskógarins“ sem eitt sinn þakti stóran hluta álfunnar. Á milli skógarferða voru svo tvær helstu borgir Póllands heimsóttar, Kraká og höfuðborgin Varsjá.

Nánari frásögn af heimsókninni og skógum og skógarmálum í Póllandi má lesa í 2. tölublaði Skógræktarritisins 2015.

Skógurinn í Białowieża þjóðgarðinum samanstendur af ýmsum trjátegundum, bæði lauf- og barrtrjám, á ýmsum aldursskeiðum. Almennt er reynt að hafa inngrip mannsins sem minnst, þannig að tré sem falla um koll eru látin liggja og brotna niður, sem leiðir til mikils fjölbreytileika í ýmsum lággróðri og sveppum (Mynd: RF).

Einkennisdýr þjóðgarðsins í Białowieża – evrópski vísundurinn. Hann varð útdauður í náttúrunni, en hefur verið ræktaður upp aftur af dýrum úr dýragörðum og leika nú um 800 vísundar lausum hala í þjóðgarðinum (Mynd: BJ).

Eitt aðal aðdráttarafl fyrir ferðamenn í Kraká er gamli miðbærinn, sem er óvenju vel varðveittur og á Heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna. Umhverfis hann liggur skemmtilegur almenningsgarður, Planty Park, sem stendur þar sem borgarmúrarnir stóðu einu sinni. Er garðurinn mjög vinsæll til útivistar meðal heimamanna og mátti sjá mikið af fólki á ferðinni þar, á hvaða tíma dags sem er (Mynd: RF).

T.h. Á göngu í Tatrafjallaþjóðgarðinum. Eftir því sem lengra og ofar kemur í fjöllin mjókka stígarnir heldur og þar sem fjöllin eru víða mjög brött reyndust gönguferðirnar töluverð leikfimi (Mynd: RF).

Esjuskógur

Árið 2014 fengum við Sigríði Erlu Elefsen skógfræðing til að gera skógræktaráætlun fyrir skógræktarsvæði sem Reykjavíkurborg hefur látið okkur í té. Höfum við kallað svæðið Esjuskóg og eru þetta um 54 ha við skógræktarsvæðið okkar við Arnarhamar. Þetta nýja svæði er í reitum sem liggja í vesturhlíð Esju og nær eftir eggjum Esjunnar og niður á láglendi austan Vesturlandsvegar. Svæðið er að mestu innan Græna trefilsins en um 13 ha eru ofan hann.

Skógræktarfélagið fékk styrk frá Reykjavíkurborg úr verkefninu „Betri hverfi“ árið 2014. Landgræðsluskógar og Landgræðslusjóður hafa auk þess styrkt okkur. Félög og fyrirtæki hafa einnig verið okkur innan handar með tækjakosti, tíma og vinnu sinni. Skógræktarfélagar ásamt hópi ungmenna á vegum Landsvirkjunar hafa svo gróðursett í svæðið og einnig aðstoðuðu okkur ungmenni á vegum Seeds-sjálfboðaliðasamtakanna árið 2014 við að taka niður gamlar ónýtar girðingar.

Nemendur úr Klébergsskóla gróðursetja einnig árlega birki sem þeim er úthlutað úr Yrkjusjóði.

Jóhanna S. Sigurðardóttir,
Skógræktarfélagi Kjalarness

Girðingin komin niður Esjuhlíðina! Girðinguna uppi í skriðum girtu félagar úr Skógræktarfélaginu í sumar. Verktakar á vegum Reykjavíkurborgar tóku síðan við og girtu neðri hlutann nú á dögunum (Mynd: JSS).

Gróðursetning með bandaríska sendiráðinu

Þann 28. ágúst síðast liðinn kom hópur starfsmanna bandaríska sendiráðsins, ásamt gestum, í heimsókn á Úlfljótsvatn og var tilgangur heimsóknarinnar að gróðursetja trjáplöntur. Er þetta í annað sinn sem starfsmenn sendiráðsins koma til að gróðursetja með Skógræktarfélagi Íslands, en í fyrra var skógurinn í Brynjudal í Hvalfirði heimsóttur.

Alls voru settar niður 1.000 plöntur af stafafuru, birki og reyniviði og tóku fimm sjálfboðaliðar, sem unnu hjá Skógræktarfélaginu í allt sumar, þátt í gróðursetningunni með starfsmönnum sendiráðsins og Skógræktarfélagsins. Að lokum var litið í heimsókn til Útilífsmiðstöðvar skáta Úlfljótsvatni, en skátahreyfingin á Úlfljótsvatn með Skógræktarfélagi Íslands.

Að ofan t.h. Gróðursetningu lokið F.v. Jón Ásgeir, starfsmaður Skógræktarfélags Íslands, og sjálfboðaliðarnir Jorge frá Spáni og Nadine frá Austurríki .Að neðan t.h. Robert Cushman Barber sendiherra og Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, hjálpast að við gróðursetningu (Myndir: RF).

Svipmyndir skógræktar

Þessa brú smíðuðu félagsmenn í Skógræktarfélagi Skilmannahrepps. Auk þess að vera falleg og gott dæmi um nýtingu á efniviði úr skóginum, er hér um skemmtilega „lifandi" brú að ræða, eins og sjá má á laufguðum kvistunum sem teygja sig upp í loft (Mynd: Bjarni O.V. Þórodddsson).

Í vor komu um áttatíu sjálfboðaliðar úr yngri deild Grunnskóla Snæfellsbæjar í heimsókn til Skógræktar- og landverndarfélagsins undir Jökli. Komu þau nokkur í senn og unnu í klukkutíma við að bera kurl í stíga í landgræðslureitnum við Ingjaldshól. Var kurlið borið í fötum og hjólbörum og var vinnugleðin mikil. Einnig voru stígar í Opna skóginum í Tröð við Hellissand lagfærðir og borið kurl í þá. Ætluðu margir krakkanna að ganga í Skógræktarfélagið þegar þau yrðu eldri, svo félagið von á góðu í framtíðinni og verður ekki svikið af þessu vinnuglaða fólki framtíðarinnar! (Mynd: Lydía Rafnsdóttir).

Sumarið 1990 var reist girðing vegna landgræðsluskógaverkefnis í landi Eiðis í Kolgrafarfirði á Snæfellsnesi. Síðan þá hefur verið gróðursett birki, sitkagreni, alaskaösp, fura og lerki, ásamt fleiri tegundum og hefur skógurinn dafnað ágætlega. Var nú í ár kominn tími til að laga girðinguna – skipta um staura og gera hana alveg fjárhelda. Hér er Gunnar Njálsson, formaður Skógræktarfélags Eyrarsveitar (t.h) á fullu í girðingarvinnunni ásamt Daníel syni sínum (Mynd: Gunnar Njálsson).

Þetta myndarlega borð var nýlega sett upp í skóginum í Skarðdal á Siglufirði. Það var fengið frá Skógræktarfélagi Eyfirðinga og var það Haukur Karlsson sem smíðaði það úr lerki frá Miðhálsstöðum í Öxnadal (Mynd: Sigurður Hafliðason).

Í skóginum þar sem demantar verða til úr regndropum

Fuglahús vekja gjarnan athygli þeirra sem fara um skógarsvæði og oftar en ekki skapast um þau umræður og fyrirspurnir. Það er nú einu sinni svo þegar við mannfólkið förum af stað að smíða „hús“ fyrir villtar fuglategundir þá gerum við þau oftast út frá okkar mannlegu sýn, þ.e. setjum okkur ekki inn í viðhorf fuglanna þannig að afraksturinn verður eitthvað sem okkur finnst fallegt. Því miður verpa fáar fuglategundir í skógum hér á Íslandi og þær fuglategundir sem velja sér manngerða íverustaði eru ekki margar.

Starinn er fljótur til ef viðunandi staður er í boði en hann velur sér varpstaði þar sem hann fer inn og út um göt og smugur. Víðast hvar í heiminum verpir hann í hlöðnum steinveggjum eða ámóta klettaruðningum, t.d. í Færeyjum og jafnvel hér á landi á svæði kringum Hornafjörð. Varpkjörlendi maríuerlu eru þröngar klettasprungur, hún verpir oft á sperrubitum í útihúsum og alloft í manngerð hús og líklega náttar hún sig í slíkum húsum er líður á sumarið. Músarrindill velur sér stöku sinnum að verpa í svona hús, þá velur hann sér oftast frekar lítil hús með kringlóttu gati og gerir svo sitt hefðbundna hreiður inni í húsinu, það má leiða líkum að því að hann nátti sig í manngerðum húsum ef svo ber undir. Síðast skal telja skógarþröstinn en varpkjörlendi hans er niður við jörð og upp í svona 20-30 cm hæð. Þar sem hann er ekki óhultur niður við jörðina verpir hann oft í trjágróðri sem og á ólíklegustu stöðum á og við mannabústaði þar sem hillur og stallar með góðu útsýni og flóttaleiðum henta honum hvað best.

Það er svo annað mál að það er gaman að koma fyrir draumkenndum fuglahúsum á skógarsvæðunum til að vekja upp andans hugarsmíð þeirra er um svæðin fara. Börn og fullorðir eiga auðvelt með að lifa sig inn í hugrænar fantasíur um skógarálfa í hugarheimi þar sem demantar verða til úr regndropum, kóngulær að

vefa dýrindis fatnað og litskrúðug fiðrildi fljúga um og draumkenndur þokuslæðingur magnar upp hughrifin af burknum og berserkjasveppum sem þar vaxa. Í sjálfu sér þarf ekki litríkt fuglahús í Hobbitastíl til að vekja upp fantasíurnar, lítil haganleg hurð í skemmtilegri umgerð sem komið er fyrir neðst á trjástofni vekur óskipta athygli og væntumhyggju.

Trausti Tryggvason,
formaður Skógræktarfélags Stykkishólms

Selfjall – nýjasta skógræktarsvæði Skógræktarfélags Kópavogs

Sumarið 2009 skrifaði Skógræktarfélag Kópavogs undir samning um nýtt skógræktarsvæði í Selfjalli sem er ofan við Lækjarbotna og Selhóla en þar er félagið einnig með skógræktarsvæði. Meginhluti Selfjalls eru uppblásnir melar og mjög lítið um gróður á stórum svæðum. Það svæði sem samningurinn nær til eru 63 ha lands en í heild er svæðið um 126 ha. Hafist var handa um gróðursetningu sumarið 2009 en gróðursett af fullum krafti sumarið 2010. Nú sex árum síðar er búið að setja niður á svæðinu um 45.000 birkiplöntur, auk 3-4.000 annarra plantna, svo sem bergfuru, stafafuru, sitkagreni, reyni og loðvíði. Í sumar fórum við og mynduðum árangurinn af þessu starfi og má sjá hann á meðfylgjandi myndum.

Bragi Michaelsson,
formaður Skógræktarfélags Kópavogs

Þessi planta var sett þar sem grasbali er (Mynd: BM).

Þetta birki var sett í lausa malarskriðu eins og sjá má á myndinni (Mynd: BM).

Hér er birkiplanta sett við moldarbarð (Mynd: BM).

Að ofan. Með öllum plöntum er settur hrossaskítur og hey til að hlífa plöntunum. Það verður fróðlegt að fylgjast áfram með þessu svæði og sjá hver árangurinn af uppgræðslu örfoka mela verður á næstu árum (Mynd: BM).

T.v. Hér er plantað í melinn. Frá árinu 2011 höfum við tekið hey af svæðum sem slegin eru í Kópavogi og sett það með plöntunum og skilar það mjög góðum árangri, bæði sem vörn við uppblæstri og sem áburður fyrir plönturnar. Þá hjálpar heyið við að græða upp melinn á svæðinu (Mynd: BM).

Svipmyndir skógræktar

T.h. Ný hjólastólaróla, sú fyrsta sinnar tegundar á Norðurlandi, var tekin í notkun á Birkivelli í Kjarnaskógi síðastliðið haust. Á myndinni er Örn Viðar Einarsson, starfsmaður Skógræktarfélags Eyfirðinga, að leggja lokahönd á uppsetningu rólunnar (Mynd: Ingólfur Jóhannsson).

Að neðan. Þetta sifjalerki stendur í Eiðisskógi í Kolgrafarfirði á Snæfellsnesi. Sifjalerki er blendingur af japanslerki og evrópulerki. Voru slík tré gróðursett sumarið 1990 í Eiðisskógi og hafa þau vaxið ótrúlega vel síðan, eins og sjá má, en um fimmtán sifjalerkitré eru í skóginum og setja nokkurn svip á hann (Mynd: Gunnar Njálsson).

T. h. Starfsmenn og gestir frá bandaríska sendiráðinu komu á Úlfljótsvatn til gróðursetningar í ágúst .Voru gróðursetjarar á ýmsum aldri. Þótt ungi maðurinn á myndinni sé ekki hár í loftinu er hann samt „vanur“ gróðursetjari, því hann kom með í heimsókn bandaríska sendiráðsins í Brynjudal árið 2014, þar sem einnig voru gróðursett tré (Mynd: RF).

T.v. Skógarhögg á Gunnfríðarstöðum á Bakásum í A-Húnavatnssýslu föstudaginn 13. nóvember. Felld voru nokkur 5-11 m há torgtré, sem fegra munu Blönduós og Skagaströnd á aðventunni. Eins og sjá má viðraði vel til jólatrjáahöggs – snjólaust og hiti við frostmark í skóginum. Trén eru svo flutt aftan í rúlluskera, sem kemur í veg fyrir að þau dragist eftir jörðinni (Mynd: Páll Ingþór Kristinsson).

Jóla - og tækifæriskort Skógræktarfélags Íslands 2015

Að venju gefur Skógræktarfélag Íslands út tækifæriskort fyrir jólin. Kortið prýðir mynd eftir Ágúst Bjarnason, er heitir S*kógar ljóss og skugga.* Þessi mynd er einnig á forsíðu 2. heftis Skógræktarritsins 2015.

Sérstök hvatning er á kortinu, þar sem kemur fram að fyrir hvert selt kort gróðursetur félagið eitt tré. Ekkert er prentað inn í kortin, þannig að þau nýtast við hin ýmsu tilefni – sem jólakort, afmæliskort, boðskort eða hvaðeina sem fólki dettur í hug.

Kortin eru seld 10 saman í pakka með umslögum, á kr. 2.000. Hægt er að nálgast kortin á skrifstofu Skógræktarfélags Íslands í Þórunnartúni 6, 2. hæð. Einnig er hægt að panta kortin í síma 551-8150 eða með tölvupósti til skog@skog.is og fá þau póstsend en þá bætist við póstburðargjald.

Einnig fæst enn nokkuð úrval eldri tækifæriskorta og kostar pakkinn af þeim kr. 1.000. Nánari upplýsingar má finna á vef Skógræktarfélags Íslands – www.skog.is.

Póllandskvæði

Í fræðsluferð Skógræktarfélags Íslands til Póllands nú í september voru tveir dagar sem fóru að mestu í akstur milli staða, enda Pólland stórt land og farið víða um. Þurfti því reglulega að taka svokölluð „postulínsstopp“ – þ.e. stoppa við hentuga veitingastaði/sjoppur, þar sem ferðalangar gátu teygt úr sér, fengið sér hressingu og sinnt kalli náttúrunnar. Og skoðað nálægan trjágróður, en við nær allar vegasjoppur voru ákaflega snyrtileg beð og runnar.

Í einu slíku stoppi lenti einn ferðalangurinn, Sigurður að nafni, í þeirri eftirminnilegu lífsreynslu að lokast inni í salernisbásnum, vegna bilunar hurðarhúnsins. Tókst honum að lokum að vekja athygli á vandræðum sínum með banki og köllum og komu heimamenn honum til aðstoðar. Eftir ýmsar atlögur að hurðinni var á endanum grafið upp kúbein og hurðin losuð af hjörunum og slapp Sigurður þar með út, frelsinu feginn. Varð þessi uppákoma einum ferðafélaganum yrkisefni og má lesa kvæðið hér til hægri.

„Siggi var úti“ í Póllandi
Lag: Sólskríkjan mín situr/Ingi T. Lárusson

Áning, kennd við postulín í Póllandinu
lyfti sál og létti sinni
í liðinu frá skógræktinni.

Þarna mátti’ á þorstann slá með þessu og hinu
köldum bjór og cappuccini
kókakóla og léttu víni.

Allan tímann Siggi sat á salerninu
æstur lamdi loft og þilin
vildi’ ei verða eftir skilinn.

Loksins fundu pólskir lausn á próbleminu
og í því fólkið var á förum
fauk þar rammgerð hurð af hjörum.

Höfundur: Fræmundur sóði.

Tré Ársins 2015 í haustbúningi (Mynd: JÁJ).

Fundur European Forest Network í Salzburg í Austurríki

European Forest Network eru óformleg samtök skógræktarfélaga í Evrópu og er megin áhersla þeirra að skiptast á upplýsingum um skóga- og skógræktartengd málefni í hverju landi. Aðildarlönd skiptast á að halda ársfund samtakanna og var fundurinn í ár haldinn í Salzburg í Austurríki, en Austurríska skógræktarfélagið (Österreichischer Forstverein) var gestgjafi fundarins.

Ein af þeim byggingum sem skoðaðar voru var kirkja í Rif-Taxach, sem fékk verðlaun sem veitt eru timburhúsum í Salzburg (Holzbaupreis Salzburg 2015). Hún er líka fyrsta nýja kirkjan sem byggð er í Salzburg í fleiri hundruð ár (Mynd: RF).

Fundur hófst miðvikudaginn 2. september á erindum fulltrúa þeirra landa sem mætt voru, þar sem farið var yfir það helsta í starfsemi viðkomandi stofnana og í skógrækt í viðkomandi landi. Mættir voru fulltrúar frá Austurríki, Finnlandi, Skotlandi, Eistlandi, Litháen,

Skóglendur Schlägl klaustursins í Aigen skoðaðar. Formaður Austurríska skógræktarfélagsins, Johannes Wohlmacher, er „skógarmeistari" þess (Mynd: RF).

Þýskalandi og Íslandi. Að kynningum loknum voru umræður, þar sem sérstaklega var tekið fyrir þemað aðgengi að skógum, en lagaumhverfi og venjur þar að lútandi eru nokkuð mismunandi milli landanna.

Næstu tveir dagar voru svo helgaðir kynnisferðum. Voru meðal annars skoðaðar ýmsar byggingar úr timbri, heimsóttur skógræktarskóli fyrir ungmenni (14-18 ára) og að sjálfsögðu einnig heimsóttir skógar með mismunandi ræktunaráherslur – hefðbundin timburframleiðsla, verndarívaf vegna fjalllendis og blönduð notkun (timbur/veiðar/útivist).

Umhverfisráðuneytið styrkti þátttöku Skógræktarfélags Íslands á fundinum.

Fræðsluferð til Frakklands 2016

Skógræktarfélag Íslands hefur um margra ára skeið staðið fyrir fræðsluferðum á erlenda grund. Nú er ferð ársins 2016 í undirbúningi og er stefnan næsta haust tekin suður á bóginn, til Frakklands. Eins og ávallt verður blandað saman fræðslu um skóga og skógartengd málefni og almennri skoðun á náttúru og sögustöðum.

Hægt er að skrá sig strax á áhugalista fyrir ferðina til að fá nánari upplýsingar um hana um leið og þær liggja fyrir. Hafið samband við Skógræktarfélag Íslands á netfangið skog@skog.is eða í síma 551-8150. Takmarkaður sætafjöldi er í ferðina.

Fyrirhugaðar slóðir ferðalagsins (Mynd: BJ).

Hugleiðingar um stígagerð á skógræktarsvæðum

Eftir að skógræktarsvæði fóru að stækka og tré að hækka, þá hafa menn meira farið að huga að því að leggja göngustíga og þjónustuleiðir um þessi svæði. Heyrst hefur af skógarreitum, sem plantað hefur verið þétt í og vaxið upp í tugi ára án þess að menn hafi hugleitt að það þyrfti að komast um þá og eru þá illfærir. Það getur verið talsvert mál að leggja stíga í svæði, sem eru þétt plantað og trén e.t.v. orðin margra metra há.

Þetta var einhvern veginn svona hjá okkur í Skógræktarfélagi Skilmannahrepps til að byrja með. Sem betur fer vöknuðu menn í tíma. Og þá var farið að marka hvar best væri að leggja stíga áður en farið var að planta í hvert svæði. Þetta hefur gefist nokkuð vel. Ákveðið var í upphafi að stígar yrðu það breiðir að ferðast mætti um þá með nettri dráttarvél (MF35). Það vill svo vel til að einn félagi á gamlan MF35, sem hann leigir félaginu fyrir hóflegt verð.

Í fyrstu atrennu var farið með jarðtætara aftan í MF35 og þúfur og aðrar ójöfnur voru teknar niður (þar sem ekki var grýtt land). Síðan var farið yfir með nokkuð þungann steinvaltara (af gömlu gerðinni). Sums staðar,

Vel gróinn stígur (Mynd: Bjarni O.V. Þóroddsson).

Stígur í „Gamla skógi" (Mynd: Bjarni O.V. Þóroddsson).

þar sem land var illa gróið eða blautt var stráð dálitlum sandi (10-20 cm), jafnvel grasfræi. Einnig hefur trjákurl verið notað nokkuð í yfirborð. Grasið er látið vaxa yfir sumarið. Þegar stígurinn var orðinn sæmilega vel gróinn var hann sleginn (med rudda-sláttuvél).

Við erum með land sem er u.þ.b. 75 ha. Og búið er að leggja stíga um það, sem eru ca. 8 km í heild. Á vorin eru þeir valtaðir strax og fært er vegna bleytu. Síðan eru slegnir allir stíga (2-3svar á sumri). Best er að láta gras ekki vaxa mikið milli slátta (10 cm). Þá þarf ekkert að raka eftir slátt. Grasið hverfur niður í stíginn. Stígar eru mjúkir og gott að ganga þá. Reynt er að forðast að aka um þá, sérstaklega þegar blautt er.

Með þessum hætti er umhirða stíga frekar létt. Ein umferð með sláttuvél getur tekið 4-5 tíma (oft skipt á tvo daga). Það er alltaf að aukast gangandi umferð um þessa stíga og fólki líkar það vel.

Bjarni O.V. Þóroddsson,
formaður Skógræktarfélags Skilmannahrepps

Þrjú nýyrði

Þegar haustar sölnar gras og lauf fellur af trjám. Blóm deyja og leggjast á jörðu. Drit fugla og teðsla dýra auka enn lífrænt lag, sem gerlar og sveppir ásamt smádýrum brjóta niður og mynda nýjan jarðveg. Aðrar þjóðir eiga orð um allt þetta, en okkur skortir slíkt. Hér er stungið upp á orðinu *svarðfall.*

Jarðvegi er skipt í tvennt. Þann hluta, sem greindur er sem plöntuleifar, mætti nefna *tyrfing*, en þann hluta, sem er fullummyndaður, mætti nefna *mylding*. Öll þessi orð eru rétt mynduð og rökrétt og vonandi falla þau að smekk þeirra, sem um jarðveg tala og rita
.

Arngrímur Ísberg, fyrrverandi kennari

Nýtt gönguleiðakort af Smalaholti

Skógræktarfélag Garðabæjar hefur í haust verið að vinna að nýju korti af gönguleiðum í Smalaholti ofan Vífilsstaðavatns, sem er mjög vinsælt útivistarsvæði bæði Garðbæinga og Kópavogsbúa, enda stutt í holtið úr efri hverfum Kópavogs. Í Smalaholti er hvort sem er hægt að velja brattar gönguleiðir með miklu útsýni, en hringsjá er efst uppi á holtinu, eða ganga um í skjóli skógarins og virða fyrir sér trén, annan gróður og fuglalífið. Einnig eru víða bekkir við gönguleiðirnar, þar sem má tylla sér.

Svipmynd úr skógræktinni

Reykjavíkurborg hefur, í samvinnu við Skógræktarfélag Reykjavíkur, undanfarin tvö ár fært Þórshöfn í Færeyjum jólatré sem þakkarvott fyrir frændsemi og vináttu milli þjóðanna tveggja. Kom Dagur B. Eggertsson borgarstjóri upp í Heiðmörk þann 11. nóvember, smellti sér í vinnugallann og felldi „Færeyjatréð“. Að þessu sinni er tréð 12 m hátt sitkagreni. Petur Petursson, forstöðumaður sendiskrifstofu Færeyja í Reykjavík var einnig viðstaddur.

Á myndinni má sjá borgarstjórann (4. f.h.) í góðum gír með starfsmönnum Skógræktarfélags Reykjavíkur, Helga Gíslasyni framkvæmdastjóra félagsins (3. f.h.) og Þresti Ólafssyni, formanni félagsins (með hundinum sínum), að lokinni fellingu (Mynd: Hulda Gunnarsdóttir).

Barnahornið

Á MYNDUNUM ERU TÍU ATRIÐI EKKI EINS Á ÞEIM BÁÐUM. FINNIÐ ÖLL TÍU!



Allir lesa Laufblaðið!

Loki, sem er dvergschnauzer, kíkti í heimsókn til Skógræktarfélags Íslands einn daginn, en „amma hans“ vinnur hjá félaginu. Hann skoðaði sig auðvitað vel um á skrifstofunni og vildi endilega fá að glugga í Laufblaðið!

Allir eru hvattir til að senda inn mynd af einhverjum að lesa Laufblaðið. Fyrirsætur mega vera sem fjölbreytilegastar hvað varðar stærð, þyngd, litarhaft, hárprýði, kyn eða tegund! Sendið mynd, nafn ljósmyndara og nafn fyrirsætu til ritstjóra á netfangið rf@skog.is.

(Mynd: RF).

Barnahornið - lausn gátu í 2. tbl. Laufblaðsins 2015